

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um sjávarspendýr.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvenær má vænta þess að ráðherra leggi fram frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, í samræmi við markmið stjórnarsáttmála um að ljúka heildarendurskoðun laganna?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að málefni sjávarspendýra verði færð undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, í samræmi við það sem fram kom í munnlegu svari matvælaráðherra við fyrirspurn á þskj. 321 á yfirstandandi löggjafarþingi um að hún telji að málefni sjávarspendýra ættu almennt að heyra undir þau lög?

Skriflegt svar óskast.